

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um kostnað við viðgerðir á varðskipunum Ægi og Tý.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hver var heildarkostnaður við viðgerðir og endurbætur á varðskipunum Ægi og Tý í Póllandi árið 2001?
2. Hvert var heildarsamningsverð verksamnings við pólsku skipasmíðastöðina sem tók verkið að sér?
3. Voru einhver aukaverk unnin og ef svo er, hvaða verk voru það og hver var kostnaður við þau?
4. Hvaða kostnaður annar féll til vegna viðgerðanna í Póllandi sundurliðað eftir:
 - a. ferðakostnaði starfsmanna Landhelgisgæslunnar,
 - b. ferðakostnaði annarra, og þá hverra,
 - c. dagpeningagreiðslum, og þá til hverra,
 - d. kostnaði við siglingar skipanna til og frá Póllandi,
 - e. öðrum kostnaði, sem sundurliðast hvernig?
5. Höfðu breytingar á gengi krónunnar einhver áhrif á heildarkostnað við verkið?
6. Ef þessar viðgerðir og endurbætur á varðskipunum hefðu farið fram á Íslandi, hverjar hefðu áætlaðar tekjur ríkissjóðs vegna verksins þá orðið?
7. Hverjir buðu í verkið í upphafi og hversu há voru tilboðin?
Óskað er eftir því að fjárhæðir séu gefnar upp í íslenskum krónum á verðlagi ársins 2001 og jafnframt á verðlagi febrúarmánaðar 2005.

1. Kostnaður við viðgerðir og endurbætur á varðskipunum Ægi og Tý í Póllandi 2001.

Heildarkostnaður við viðgerðir og endurbætur.

Skip	Heildarkostnaður, DEM	Verðlag 2001, kr.	Verðlag 2005, kr.
Ægir	1.247.829	69.658.237	78.755.603
Týr	1.060.636	61.338.998	69.349.871
Samtals	2.308.465	130.997.235	148.105.474

2. Heildarsamningsverð verksamnings við skipasmíðastöðina.

Samningsverð verksamnings.

Skip	Samningsverð, DEM	Verðlag 2001, kr.	Verðlag 2005, kr.
Ægir	743.071	41.480.857	46.898.256
Týr	750.898	43.426.143	49.097.598
Samtals	1.493.969	84.907.000	95.995.854

3. Unnin aukaverk og kostnaður við þau.

Kostnaður við aukaverk.

Skip	Samningsverð, DEM	Verðlag 2001, kr.	Verðlag 2005, kr.
Ægir	504.758	28.177.380	31.857.346
Týr	309.738	17.912.855	20.252.274
Samtals	814.496	46.090.235	52.109.620

Varðskipið Týr, uppgjör verka 2001.

Verk	DM
Aukaverk, tankur, stafnhylki samkvæmt kröfum Lloyd's	18.232
Aukaverk, tankur nr. 17 (2) Samkvæmt kröfum Lloyd's	22.964
Aukaverk, skrúfuás stjórnborðs tekinn út vegna leka	13.080
Aukaverk, sandblástur á yfirbyggingu	31.857
Aukaverk, breyting á lögnum í slökkvikerfi utan á þyrluskýli	2.106
Aukaverk, yfirfarin og lagfærð rúlluhurð á þyrluskýli	3.477
Aukaverk, upptekt á stjórnborðsaðalvél og búnaði	40.507
Aukaverk, nýjar grindur á þyrluþilfar	25.782
Aukaverk, tveir nýir pollar á framskip	4.683
Aukaverk, hreinsun á olíutönkum, dæling í land og um borð	14.824
Aukaverk, breyting á stjórnborði í brú vegna stýrisbúnaðar	57.628
Aukaverk, hreinsun á aðalvélarúmsbotni	4.452
Aukaverk, hreinsun á ljósavélarúmsbotni	3.856
Aukaverk, færsla í þili milli stýrisvélar og lestar	15.935
Aukaverk, salernistankur í sónarrúm	8.700
Aukaverk, opnanlegir gluggar í brú og turni	15.919
Aukaverk, endurnýjun tækja í eldhúsi (vinna)	3.563
Aukastál vegna stýra (breyting frá upphaflegri teikningu)	4.249
Aukaverk, rúllur fyrir landfestar á afturþilfari	4.280
Aukaverk, viðgerð á dráttarspili	1.729
Aukaverk, ljós í stýrisvél og útleiðsla í 220 volta kerfi	1.748
Aukaverk, endurnýjun á gólfi í blásaraklefum aðalvélarúms	5.166
Aukaverk, lækkun á dýptarmælisbotnstykki	1.451
Aukaverk, viðbótarsandblástur á bol	3.452
Aukaverk, færsla á dælustöð og upps. hitara í sónarrými	5.828
Aukaverk, sveigjumæling aðalvéla og skrúfuása	2.448
Aukaverk, breyting á loftstokkum fyrir gangablásara	2.683
Aukaverk, nýtt gólf úr álplötum í stýrisvél (efni)	1.708
Aukaverk, tankur nr. 7, sandblástur og málun	5.421
Aukaverk, akkeriskeðjur og keðjukassi	2.448
Aukaverk, smíða og setja lúgu á tank nr. 7	3.750
Önnur smáverk í vélarúmi, samtals	1.386
<i>Afsláttur af aukaverkum, Ægir og Týr</i>	- 25.574
Samtals	309.738

Varðskipið Ægir, uppgjör verka unnin í Pólandi 2001.

Verk	DM
Aukaverk, tankur, stafnhylki samkvæmt kröfum Lloyd's	24.698
Aukaverk, tankur nr. 17 (2) samkvæmt kröfum Lloyd's	44.184
Aukaverk, tankur nr. 8, stálvinna, hreinsun og prófun	11.068
Aukaverk, skrúfur og skrúfásar stjórnborðs og bakborðs	50.688
Aukaverk, sandblástur á yfirbyggingu	44.008
Aukaverk, færsla á hraðamæli á botni skipsins	1.512
Aukaverk, nýir reyksháfshattar	2.300
Aukaverk, nýjar útihurðir	21.300
Aukaverk, nýjar grindur á þyrluþilfar	25.782
Aukaverk, 2 nýir pollar á framskip	3.852
Aukaverk, hreinsun á olútönkum, dæling í land og um borð	14.852
Aukaverk, breyting á stjórnborði í brú vegna stýrisbúnaðar	62.543
Aukaverk, hreinsun á aðalvélarúmsbotni	5.312
Aukaverk, hreinsun á ljósavélarúmsbotni	5.108
Aukaverk, færsla í þili milli stýrisvélar og lestar	15.935
Aukaverk, salernistankur í sönarrúm	8.700
Aukaverk, opnanlegir gluggar í brú og turni	17.536
Aukaverk, endurnýjun tækja í eldhúsi (vinna)	4.413
Aukastál vegna stýra (breyting frá upphaflegri teikningu)	4.249
Aukaverk, breyting á sjólögnum í sönarrými	3.000
Aukaverk, ný rafgeymageymsla	17.533
Aukaverk, ný ferskvatnsdæla aðalvéla (vinna)	4.188
Aukaverk, breyting á stjórnborði í brú	12.211
Aukaverk, tankur nr. 8, sandblástur og málun	17.065
Aukaverk, skera burtu þil í stýrisvélarými að aftan	1.608
Aukaverk, hreinsun á tönkum nr. 5, 11, 14, 18 og 19	2.648
Aukaverk, að setja flangsa á vatnstank fyrir nýtt mælikerfi	3.728
Aukaverk, viðbótarsandblástur á bol	4.153
Aukaverk, skrúfur og skrúfúásar (legur, öxlar, haus og tengi)	43.886
Aukaverk, sveigjumæling aðalvélar og milliása	2.448
Aukaverk, breyting á loftstokkum fyrir gangablásara	2.683
Aukaverk, nýtt gólf úr álplötum í stýrisvél (efni)	1.708
Aukaverk, tankur nr. 7, sandblástur og málun	6.691
Aukaverk, akkeriskeðjur og keðjukassi	6.766
Önnur smáverk í vélarúmi, samtals	3.567
Smurólía og vökvakerfisolía keypt í gegnum Morzka	2.835
Samtals	504.758

4. Annar kostnaður sem féll til vegna viðgerðanna í Póllandi.

Ferðakostnaður starfsmanna Landhelgisgæslunnar.

Skip	Verðlag 2001, kr.	Verðlag 2005, kr.
Ægir	1.438.629	1.626.514
Týr	1.481.538	1.675.027
Samtals	2.920.167	3.301.541

Ekki var greiddur ferðakostnaður fyrir aðra en starfsmenn Landhelgisgæslunnar vegna þessa verkefnis.

Dagpeningagreiðslur.

Skip	Verðlag 2001, kr.	Verðlag 2005, kr.
Ægir	2.180.529	2.465.306
Týr	2.472.950	2.795.917
Samtals	4.653.479	5.261.223

Dagpeningar voru greiddir til starfsmanna Landhelgisgæslu Íslands. Ekki voru greiddir dagpeningar fyrir aðra vegna þessa verkefnis.

Kostnaður við siglingar skipanna til og frá Póllandi.

Skip	Verðlag 2001, kr.	Verðlag 2005, kr.
Ægir	1.670.000	1.888.102
Týr	1.670.000	1.888.102
Samtals	3.340.000	3.776.204

Annar kostnaður.

	Verðlag 2001, kr.	Verðlag 2005, kr.
<i>Ægir</i>		
Málning keypt á Íslandi	4.983.320	5.634.142
Ríkiskaup	376.248	425.386
Aukabúnaður fyrir stýri	2.063.544	2.333.043
Lloyd's flokkunarfélag	750.000	847.950
Vatn	135.500	153.196
Flutningskostnaður varahluta milli landa	315.120	356.275
Prufusigling – lóðs	49.400	55.852
Umboðslaun	108.160	122.286
Samtals	8.673.132	9.805.843
<i>Týr</i>		
Málning keypt á Íslandi	4.212.056	4.762.151
Ríkiskaup	652.132	737.300
Aukabúnaður fyrir stýri	2.063.544	2.333.043
Lloyd's flokkunarfélag	890.000	1.006.234
Vatn	140.400	158.736
Flutningskostnaður varahluta milli landa	240.240	271.615
Prufusigling – lóðs	42.120	47.621
Umboðslaun	112.008	126.636
Bankakostnaður	19.032	21.518
Samtals	8.371.532	9.464.854

5. Áhrif breytinga á gengi krónunnar á heildarkostnað.

Heildarkostnaður.		
Skip	Verðlag 2001, kr.	Verðlag 2005, kr.
Ægir	3.567.107	4.032.971
Týr	4.066.335	4.597.398
Samtals	7.633.442	8.630.370

6. Áætlaðar tekjur ríkissjóðs ef viðgerðir og endurbætur hefðu farið fram á Íslandi.

Í tilboðum ekki greint hlutfall milli vinnu og efnis, því er með þeim upplýsingum sem fyrir liggja ekki unnt fyrir ráðuneytið að reikna tekjur ríkissjóðs af verkinu ef unnið hefði verið hér á landi. Sérþekking að því er tekjuöflun ríkissjóðs varðar er auk þess ekki innan ráðuneytisins.

7. Upphafleg tilboð.

Óskað var eftir tilboðum í fjóra verkþætti, þ.e. A brú, B skrokk, C stýri, D salerniskerfi.

Samið var við skipasmíðastöðina Morzka í Póllandi um verkþætti B og C fyrir bæði skipin.

Upphafleg tilboð.					
		Heildartilboð, kr.		Tekin tilboð, kr.	
	Ath.	Verðlag 2001	Verðlag 2005	Verðlag 2001	Verðlag 2005
<i>Ægir</i>					
Centomere	ógilt	57.505.560	65.015.786	32.260.680	36.473.925
Pasaie		60.223.597	68.088.799	39.260.922	44.388.398
Nauta		77.191.800	87.273.049	43.192.800	48.833.780
<i>Morzka</i>		<i>82.794.945</i>	<i>93.607.965</i>	<i>34.753.146</i>	<i>39.291.907</i>
Ormur og Víglundur	ógilt	77.513.000	87.636.198	41.284.000	46.675.690
Stáltak		89.900.000	101.640.940	55.800.000	63.087.480
Skála		96.562.399	109.173.448	46.552.574	52.632.340
<i>Týr</i>					
Centomere	ógilt	57.181.320	64.649.200	31.823.400	35.979.536
Pasaie		59.352.695	67.104.157	38.155.888	43.139.047
Nauta		77.119.560	87.191.375	43.120.560	48.752.105
<i>Morzka</i>		<i>83.114.756</i>	<i>93.969.543</i>	<i>35.072.958</i>	<i>39.653.486</i>
Ormur og Víglundur	ógilt	79.413.000	89.784.338	43.184.000	48.823.830
Stáltak		89.600.000	101.301.760	55.800.000	63.087.480
Skála		95.479.322	107.948.921	45.336.857	51.257.851

Þess ber að geta að gengisskráningu þýska marksins hefur verið hætt og því eru allir útreikningar miðaðir við gengisskráningu þess tíma þegar viðskiptin fóru fram. Við framreikning á verðlagi var stuðst við meðalvísitölu neysluverðs ársins 2001 og vísitölu febrúarmánaðar 2005. Vísitala neysluverðs mælir einungis innlenda verðalagsþróun og tekur ekki til breytinga á verðlagi í öðrum löndum.